

Nd. **181. Frumvarp til laga** [97. mál]

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 13. gr. laganna fellur burt.

2. gr.

Fyrir orðin „um helming“ og „þreföldum lífeyri“ í 2. mgr. 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða kemur: um einn fjórða, fimmföldum lífeyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breytingu þessari fellur frádráttur frá elli- og örorkulífeyri skv. 13. gr. laganna undir ákvæði til bráðabirgða tölul. 1. Virðist ekki ástæða til að gera greinarmun á því, hvaðan tekjurnar koma. Óeðlilegt virðist líka, að tryggingalögin svipti gamalt fólk með öllu lágum heiðurslaunum og því líku, sem það hefur hlotið fyrir langa þjónustu.

Frádráttarreglur ákvæða til bráðabirgða virðast of harðar. Ætti ekki að svipta fólk með öllu elli- og örorkubótum, fyrr en aðrar tekjur nægja til hóflegs framfæris.